

Ed.

541. Nefndarálit

[227. mál]

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Núverandi ríkisstjórn hefur gerbreytt öllu skatta- og tollakerfi í landinu. Megin-einkenni breytinganna í heild eru gífurlegri skatta- og tollahækkanir en nokkru sinni áður hafa orðið á jafnskömmum tíma, flutningar gjaldheimtu af óhöfs-eyðslu og hátekjum yfir á almenna neyzlu landsmanna og loks stórfelld rýmkun á gróðamöguleikum fyrirtækja og auðfélaga.

Þessi stefna í skattamálum hefur reynzt einn drýgsti þáttur þeirrar dýrtíðar-stefnu, sem ríkisstjórnin hefur siglt eftir og átt hvað mestan þátt í því að lækka lífskjör alls almennings síðustu 4 árin, breyta tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu honum í óhag.

Frá 1958 hefur heildarskatt- og tollheimtan breytzt sem hér segir, og er þá miðað við áætlunartölur fjárlaga:

1958	voru allir skattar og tollar áætlaðir	623 millj. kr.
1959	— — — — —	778 — —
1960	— — — — —	1222 — —
1961	— — — — —	1268 — —
1962	— — — — —	1431 — —
1963	eru — — — — —	1848 — —

Eftirfarandi samanburður gefur svo nokkra hugmynd um eðlisbreytingu skatt-heimtunnar:

Skattar og tollar í % af heildarskattheimtu ríkissjóðs.

	Tekju- og eignarskattur	Verðtollar	Söluskattar
1958	20.0 %	27.9 %	18.5 %
1959	18.7 —	37.9 —	19.4 —
1960	5.9 —	29.8 —	31.2 —
1961	5.9 —	27.8 —	34.6 —
1962	6.6 —	30.6 —	35.6 —
1963	8.9 —	30.6 —	35.2 —

Þessi samanburður, sem sýnir allgreinilega, hvernig skatta- og tollabyrðin hefur færzt yfir á söluskatta og þar með á almenna neyzlu, jafnframt því sem hlutur beinna skatta, sem lagðir eru á eftir tekjum og efnahag, verður hverfandi lítill, gefur þó engan veginn fullkomna mynd af breytingunum. Kemur þar einkum til, að

söluskattar hafa í verulegum mæli verið teknir upp sem gjaldstofnar fyrir sveitarfélögin og jafnframt dregið úr stighækkun útsvara, þannig að þau eru nú mun þyngri en áður á þurftarlaunum. Þar við bætist svo, að fjölmargir aðrir skattar, sem í eðli sínu eru hreinir söluskattar, hafa verið lagðir á vöruverð. Má þar til nefna aðstöðugjöld sveitarfélaga, skatt á landbúnaðarvörur vegna stofnlánadeildar landbúnaðarins, skatt á iðnaðarvörur vegna iðnlánasjóðs og er þá fátt eitt talið af þeim fjölda sérskatta, sem lagðir hafa verið á eða eru ráðgerðir.

Þessi eðlisbreyting skattheimtunnar veldur því, að sú heildarhækkun, sem orðið hefur á skattheimtunni til ríkissjóðs og nemur um 1220 millj. kr. frá árinu 1958, eða nærri þreföldun, kemur miklu harðara niður á almenningi en hækkunin í krónum talin gefur til kynna. Þegar þess er svo enn gætt, að hina gífurlegu skattaaukningu verða launamenn að bera uppi með litlu hærri launum en þeir báru úr býtum í ársbyrjun 1959, verður enn ljósara, hvern þátt skattabreytingarnar eiga í því að draga niður sjálf lífskjörin.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir um tollskrá o. fl., er ráðgert að sameina í einn verðtoll öll gildandi aðflutningsgjöld og jafnframt að lækka þessi gjöld um 97 millj. kr., miðað við innflutning s. l. ár. Fylgt er þeirri megin stefnu í frv. að lækka allverulega tolla á svonefndum hátollavörum, en aðeins er um lítilfjörlegar lækkanir að ræða á almennum neyzluvörum, og í ýmsum tilvikum er þar um hækkunir að ræða, þannig að ekki virðist þar um neinar umtalsverðar breytingar að ræða til eða frá. Rekstrarvörur atvinnuveganna eru ýmist hækkaðar eða lækkaðar í tolli, og er næsta torvelt að gera sér grein fyrir því, hvort heildarbreytingar eru þeim til hagsbóta eða ekki. Þó virðist ljóst, að rekstrarvörur til verzlunarþjónustu lækki yfirleitt, og einnig er um nokkrar lækkanir að ræða á tækjum til landbúnaðarins. Á matvörum, vefnaðarvörum, búsaðhöldum og byggingarefni, þ. e. a. s. þeim vöruflokkum, sem hinn almenna neytanda snerta mest, er ekki um neinar teljandi breytingar að ræða og jafnvel síður til lækkunar en hækkunar. Þannig hækka um 400 vörutegundir í tolli, og er þar í flestum tilvikum um algengar neyzluvörur að ræða.

Hinar innbyrðis breytingar á tollskránni eru því í ýmsum tilvikum harla vafasamar frá sjónarmiði almenns neytanda, og skulu hér nefnd nokkur dæmi því til sönnunar:

Lækkunir:	Tollur í %	
	Nú	Verður
Náttúrlegar perlur	123	40
Gimsteinar	123	40
Silfur, óunnið eða hálfunnið	77	40
Silfurplett	124	40
Skrautvörur úr góðmálmum	123	100
Vörur úr náttúrlegum perlum og eðalsteinum	123	100
Fílabein og vörur úr því	123	100
Blævængir	194	125
Tilbúin blóm	285	125
Handofin veggteppi	123	90
Flosvefnaður úr silki	186	65
Garn úr náttúrlegu silki	103	30
Flugeldar, ekki til slysavarna	226	125
Ilmvötn	214	125

Hækkunir:	Tollur í %	
	Nú	Verður
Tómatar	40	70
Epli og perur	28	30
Rúsínur, sveskjur	48	50
Púðursykur	16	20

Hækkanir:	Tollur í %	
	Nú	Verður
Rafmagnsperur	38	40
Handsápa, raksápa	108	110
Gúmmi til skógerðar	21	30
Steypustyrktar- og múrhúðunarnet	17	35
Byggingarviður	34	35
Garðsláttuvélar	21	35
Handklæðaeefni (frotté)	50	65
Tvinni	34	35
Gólfdukur	34	35

Þessi dæmi, þótt fá séu og af handahófi gripin, ættu að nægja til þess að sanna það, hve hæpin sú kenning er, að unnt sé að meta allar lækkanir tolla til kjarabóta, og einnig hitt, hversu breytingarnar eru oft og tíðum til beins tjóns fyrir almennan neytanda. Eða hvort mundu þeir fleiri, sem telja sér kjarabætur að tollalækkun á demöntum, silfurpletti og flosvefnaði úr silki, ef á móti koma hækkanir t. d. á byggingarefni, nauðsynlegum hlutum til heimilishalds og algengum neyzluvörum, en hinir, sem telja sér skaða að slíkum skiptum?

Það má vissulega segja, að það sé ekki vonum fyrr, að ríkisstjórnin, sem hækkað hefur tolla og skatta upp í 1848 millj. kr., þrefaldað þá á 4 árum, skuli nú koma með lækkunartillögum, þótt litilfjörlegar séu. Óneitanlega er það þó mikill galli á þessum lækkunartillögum, að þær ná yfirleitt alls ekki, svo að nokkru nemi, til þeirra vörutegunda, sem almenningi væri teljandi hagsbót að því að lækkuðu í verði. Hitt er þó sýnu verra, að ekkert bendir til þess, að þessar tollalækkanir muni reynast raunhæfar til frambúðar að óbreyttri fjármálastjórn. Á valdatíma „viðreisnarinnar“ hefur fjárförf ríkissjóðs vaxið árlega risaskrefum, og svo sem áður er greint, hefur þeirri þörf verið svarað með gifurlegri hækkun söluskatta og með tvennum gengisfellingum. Þegar á næsta ári blasir við, að tekjuþörf ríkissjóðs vex um ótalin milljónahundruð, og verði sömu dýrtíðarstefnunni fylgt og áður, verður þeirri tekjuþörf alveg vafalaust svarað á sama hátt og áður: með stórhækkun almenns sölu-skatts eða gengisfellingu, nema hvort tveggja verði, enda verða þá kosningar afstaðnar og þá öllu óhætt fyrir stjórnarflokkana að hefja sama leikinn og 1960, ef þeir halda völdum. Mundi þá sannast, að sú útjöfnun á tollaflokkunum innbyrðis, sem hér er ráðgerð, væri sízt til þess fallin að bæta eða verja lífskjör og kaupmátt launa, ef slíkur reyndist eftirleikurinn.

Undirritaður telur, að þær formbreytingar, sem með frv. þessu eru gerðar á tollskránni, séu til bóta á vinnubrögðum tollyfirvalda. Á hinn bóginn telur hann, að með tilliti til almenningshagsmuna hefði átt að fylgja allt öðrum meginreglum við endurskoðun tollskrárinnar en gert hefur verið, þ. e. a. s. þeim að lækka fremur tolla á almennum nauðsynjum, svo sem matvælum, búsáhöldum og byggingarefni til íbúðarhúsa, heldur en óþörfum eða miður þörfum innflutningi. Á örfáum sólarhringum, sem frv. hefur verið til afgreiðslu í fjhn., hefur þess þó ekki verið neinn kostur að móta tillögur í samræmi við þessa skoðun til neinnar hlítar. Undirritaður flytur þó allmargar breytingartillögur í þessa átt á sérstöku þskj. Lagt er til, að tollar lækki m. a. á eftirtöldum vörutegundum: kartöflum, lauk, nýjum og þurrkuðum ávöxtum, tei, kryddvörum, púðursykri, hunangi, sírópi, kakódufti, „corn flakes“, grænmeti, litum til listmálunar og kennslu, prentlitum, bökunardropum, sápum, bóni, ræstidufti, búsáhöldum, dagblaðapappír, prentpappír, ytri fatnaði karla, kvenna og barna, nærfatnaði, sængurlíni, handklæðum, sjóstígvélum, borðbúnaði, áhöldum til heimilishalds úr járn og stáli, þvottavélum, kæliskápum, áhöldum til fimleika, skíðum, skautum o. fl.

Þá legg ég til, að í heimildarkafli bætist ný grein þess efnis, að endurgreiðd skuli aðflutningsgjöld af byggingarefni til íbúðarhúsa. Skal sú endurgreiðsla nema

allt að 75% af gjöldunum, og fer hún fram, þegar íbúð er fullgerð. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á teningsmetra fullgerðrar íbúðar, og skal hún takmörkuð við 360 m³ á hverja íbúð.

Ég tel, að samþykkt á breytingartillögum mínum mundi verða til umtalsverðra kjarabóta fyrir almenna neytendur, og legg til, að frv. verði samþykkt að þeim breytingum gerðum.

Alþingi, 5. apríl 1963.

Björn Jónsson.